

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag æfingasvæðis við Skarðshlíð.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. júlí 2009 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag æfingasvæðis við Skarðshlíð. Deiliskipulagsvæðið liggur milli Skarðshlíðar og Hörgárbrautar. Skilgreind eru lóðarmörk æfingasvæðis fyrir frjálsar íþróttir sem stækkar núverandi íþróttasvæði Þórs handan Skarðshlíðar. Byggingarreitir fyrir geymslu er á svæðinu. Lóð nr. 46 við Skarðshlíð minnkar um 1.182 m² og er sá hluti felldur inn í æfingasvæðið.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar, 27. júlí 2009,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 11. ágúst 2009